

Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2010 á Selfossi.

Magnús Gunnarsson, formaður.

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, heiðursfélagar
Skógræktarfélags Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, Johan C. Löken,
formaður Skógræktarfélags Noregs og frú, fulltrúar skógræktarfélaganna
og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa
75. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélag Árnesinga,
býður nú til aðalfundar og færi ég félaginu bestu þakkir fyrir góða aðstoð
við undirbúning hans.

Jafnframt því að halda 75. aðalfund félagsins, fögnum við 80 ára afmæli
Skógræktarfélags Íslands. Vel er við hæfi að fagna þeim tímamótum hér á
Selfossi í höfuðstað Árnessýslu. Árnessýsla geymir enda stórfenglegar
náttúruperlur og sögur liðinna alda, Þingvellir, Gullfoss, Geysir, Keríð,
Skálholt, prestsetrið í Hruna og Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal eru allt
staðir sem okkur eru kunnir og kærir.

Og Sogið, þetta mikla fljót með sínum seiðandi árið átti líka sinn þátt í
að skapa andagift ungs manns, Tómasar Guðmundssonar, sem þó haslaði
sér völl í iðu mannlífs fjarri friðsæld heimahaganna. Hugljómun minninga
úr sveitinni hans og fjarlægur áriður fylgdi honum þó ætíð á lífsins
göngu.

*„Einn morgun í júní, er vegurinn hélt að heiman
sá dalurinn ungan vorskóg, sem stóð við vatnið
í sólhvítri birtu og lék á laufhörpur trjánna.*

*Og sumarlangt síðan, hvern dag,
við sönglist á hlakkandi bárum hefur dalurinn risið úr rekkju
og vakað fram úr við vorskógarþyt
í vínrauðu laufi
nótt eftir nótt.”*

Aðalfundir Skógræktarfélags Íslands, sem haldnir eru ár hvert, eru
skógræktarhreyfingunni afar mikilvægir. Þeir eru vettvangur
skógræktarmanna til líflegra skoðanaskipta og gleðríkra samverustunda.
Þá gefst fundarmönnum jafnframt tækifæri til að heimsækja áhugaverð
ræktunarsvæði og kynnast starfi skógræktarfólks heima í héraði.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

Frá síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Höfn í Hornafirði fyrir ári síðan hafa nokkrir félagar og velunnarar skógræktarhreyfingarinnar horfið á braut og er þeirra minnst með virðingu og þökk.

Guðrún Þórsdóttir

Guðrún var um langt árabíl stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Reykjavíkur og gegndi þar ýmsum trúnaðarstörfum. Þá gegndi hún einnig ýmsum störfum á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands, sem fundarstjóri og ritari, m.a. var hún ritari fundarins á Höfn í Hornafirði í fyrra. Guðrún var skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur en áður hafði hún lengi unnið á menntasviði Reykjavíkurborgar. Hún var einn af stjórnarmönnum Náttúruskóla Reykjavíkur, en félagsmál voru henni ástríða.

Skúli Karlsson

Skúli Karlsson var einn af traustum og dyggum stuðningsmönnum Skógræktarfélags Íslands. Hann ásamt föður sínum, Karli Eiríkssyni heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands, lagði mikið til fjölmargra aðalfunda Skógræktarfélags Íslands. Var hann sannur gleðigjafi. Eftir því sem árin liðu vaknaði mikill skógræktaráhugi hjá Skúla og tók hann ásamt konu sinni virkan þátt í miklu skógræktarstarfi í Stíflisdal, þar sem fjölskyldan hefur ræktað upp mikinn yndisskóg.

Björn Jónsson skólastjóri

Björn Jónsson, skólastjóri Hagaskóla, var mikill eldhugi og skógræktarmaður. Hann vann að fræðslustarfi fyrir Skógræktarfélag Íslands um áratuga skeið og vöktu námskeið hans verðskuldaða athygli. Sjálfur ræktaði hann fallegan skóg á einkalandi sínu að Sólheimum í Skaftárhreppi. Árangur Björns var undraverður og ýmsum hliðum ræktunarinnar á Sólheimum kynntust lesendur Skógræktarritsins, en hann skrifaði margar gagnmerkar greinar í ritið sem fjölluðu um ræktunarstarfið.

Guðmundur Örn Arnason skógfræðingur

Guðmundur var af þeirri kynslóð skógfræðinga sem þurfti að berjast fyrir málstað skógræktar en um það leyti sem hann lýkur námi er tiltrú lítil á skógrækt. Hann vann um langt árabíl við rannsóknir á Mógilsá en í frístundum gekkst hann m.a. fyrir stofnun Skógræktarfélags Kópavogs og vann þar mikið frumkvöðlastarf, m.a. var jörðin Fossá í Hvalfirði keypt ásamt fleiri skógræktarfélögum en þar vex nú mikill og fallegur skógur.

Hann hafði óbilandi trú á skógrækt á Íslandi, sótti marga fundi og lét þar iðulega álit sitt í ljós .

Við skulum nú minnst þeirra, Guðrúnar Þórsdóttur, Skúla Karlssonar, Björns Jónssonar, Guðmundar Arnar Árnasonar og annarra félaga okkar og velunnara sem fallið hafa frá, frá síðasta aðalfundi, með því að rísa úr sætum.

Ágætu fundarmenn.

Ég veit ekki hvar þetta endar eiginlega, sagði ágætur maður við mig um daginn. Hitinn fer bara aldrei undir 15 gráðurnar. Þetta er orðið eins og á Mallorca, hélt hann áfram. Hefurðu séð vöxtinn? Ég hef bara aldrei séð annað eins. Já, skyldi nokkurn undra að frjálslæg umræða um lífið og tilveruna tengist oft en ekki einmuna veðurbliðu sumarsins. Þvílíkt dýrðarveður, dag eftir dag.

Ég fékk mér kaffisopa um daginn hjá Hólmfríði og Steinari í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Hitamælirinn stóð í 21 gráðu og þar sem mig bar að garði minnti umhverfið helst á suðrænan aldingarð, þar sem allt stóð í blóma og skötu hjú sátu með svaladrykk í siestu, blakandi letilega frá sér óboðnum gestum úr dýraríkinu.

Ég ræddi um það í fyrra að líklega færði hækkandi hitastig okkur Íslendingum mörg tækifæri á sviði fjölbreyttrar ræktunar og kynni ef til vill að breyta búskaparháttum bænda að einhverju leyti. Þannig myndi kornrækt eflast til muna og hækkandi hitastig auka trjávöxt og útbreiðslu skóga. Boðaðar loftslagsbreytingar kalla því á aukið fjármagn til rannsókna á gróðurframvindu landsins til að byggja undir ákvarðanir um hvernig ná má sem bestum árangri í ræktun á komandi áratugum og því tegundavali sem heppilegast kann að teljast í skógrækt og landgræðslu.

Skógrækt og landgræðsla hafa verið samofin í áratugi, þar sem eldhugar hafa sameinast í því að klæða landið skógi, bæta landgæði og breyta örfoka landi í gróðursæla reiti. Við getum verið stolt af þeim árangri sem náðst hefur á umliðnum áratugum en við þurfum ætíð að halda vöku okkar í baráttu við eyðingaröfl náttúrunnar. Við höfum líka nýlegt dæmi frá gosinu í Eyjafjallajökli sem minnir okkur á hversu máttlítil við erum þegar náttúruöflin láta til sín taka. Þá reynir á samheldni, þolgæði og þrautseigju íslensku þjóðarinnar.

Við höfum varðað veginn í ræktun landsins með margvíslegum hætti og skoðanaskipti og áherslur um leiðir, stefnumörkun og úrbætur, hafa oft leitt til harðvítugra deilna í ræðu og riti. Leitin að stóra sannleik um hvað er heppilegast og best til landbóta mun halda áfram. Það sem einu sinni gafst vel getur þurft að endurskoða en öfgahygga getur aldrei orðið sú leið sem landsmenn munu aðhyllast. Nærtækt dæmi um skiptar skoðanir er notkun lúpínu til uppgræðslu og landbóta. Lúpínan hefur reynst okkur afar vel til landgræðslu og bláar lúpínubreiður í blóma bera vott um grósku og gleður oft augað. Hins vegar er það með lúpínu eins og allt annað í okkar umhverfi að hverskonar einsleitni í ræktun er ekki það sem leitað er að. Við þurfum því að nýta þessa mögnuðu jurt áfram á þeim svæðum sem best eftir henni kalla og virða henni til tekna þær gróðurþekjur og þann mikla ávöxt í endurheimt landgæða sem hún hefur skapað.

Ég gat þess að veðrið hefur leikið við landsmenn og víst er að hlý og góð veðráttá síðustu ára hefur bætt vaxtarskilyrði alls gróðurs. Trjágróðri fer nú fram sem aldrei fyrr. Þannig má segja að sá þáttur í starfsemi skógræktarfélaganna hafi verið með miklu blóma. Við höfum hins vegar ekki farið varhluta af þeim fjárhagslegu þrengingum sem íslenskt efnahagslíf er í um þessar mundir. Skógræktarfélag Íslands og flest félög innan vébanda þess hafa því búið við skert framlög frá ríki, sveitarfélögum og öðrum stuðningsaðilum allt frá árinu 2008. Framlag ríkisvaldsins til félagsins var á liðnu ári skert verulega á fjárlögum og framlag til verkefnisins Opinn skógur fellt niður. Félagið hefur þrátt fyrir minni fjárhag leitast við að halda uppi þróttmiklu starfi sem að mörgu leyti hefur tekist vel.

Sem fyrr nýtur starf skógræktarféлага mikillar velvildar almennings og æ fleiri njóta nú afraksturs þeirrar þrotlausu vinnu sem eldhugar liðinna áratuga hafa skapað í skjólum nýrra skóga. Á ferð okkar um landið höfum við nú sífellt fleiri tækifæri til að njóta þess að ganga um ört stækkandi skóga, skynja töfra skógarins, njóta friðsældar og skjóls, staldra við og heyra fagran fuglasöng rjúfa kyrrðina.

Þegar hér er komið sögu er ekki úr vegi að nefna hér til sögunnar annan andans mann, Ólaf Jóhann Sigurðsson, skáld frá Torfastöðum í Grafningi og deila fögru ljóði hans „Í skógi“, hér með ykkur.

Í skógi

*Þá döggvahelgi hljómur enginn rauf,
og hvarmar ungra blóma saman lukust,*

*en blær af fjalli bærði hin votu lauf
sem blítt og mjúkt við hendur mínar strukust.
Hjá lyngi og björk um hjarta sumarnótt,
sem bláa hulu óf að lágum viði
og svæfði allt svo undarlega rótt,
átti ég gestur von á mildum friði.*

*En hjartað nam úr fjarska fornan óm
sem flaug að trjánnum gegnum þögn og tóm:
það var sem blóð mitt rynni að einum ósi.
Hvert lauf, hvert blóm og ilmgras áttir þú og gæddir myrkrin
leyndardómsins ljósi.*

Ég hef hér dregið að ávarpi mínu tvö af höfuðskáldum þjóðarinnar sem líkt og flestum er kært um sínar æskuslóðir. Þar gerast ævintýrin, undraheimar, upplifun, kraftur og þor. Allt er mögulegt. Oftar en ekki endurspeglast þessi æskupróttur í snilldarverkum skáldanna. Efniviðurinn er þá oft sá veruleiki, sú tilfinning, sem skáldin hafa fyrir lífinu sjálfu, umhverfinu og þeim aðstæðum sem þeim og samferðarmönnum þeirra eru búnar. Við sem unnum íslenskri náttúru, sjáum eyðisanda breytast í blómlegar gróðurþekjur og skóglendi aukast, fögnum því ætíð þegar snillingar orðsins leggja náttúrunni og sínu kærasta umhverfi lið með meitluðum orðum íslenskrar tungu, þar sem lýsingin og upplifunin í stuttu ljóði er á við lestur heillar bókar. Fyrir það ber að þakka.

Þegar litið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glögg sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

Rekstur félagsins á liðnu ári gekk að mörgu leyti vel, þrátt fyrir að rekstrartekjur hafi ekki skilað sér eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Peningalegar eignir hækkuðu á milli ára sem og eignir í bundnum sjóðum. Þannig er nú komið meira jafnvægi í ávöxtun peningalegra eigna en var í þeim ólgusjó sem myndaðist við hrun bankanna. Rekstrartekjur félagsins á árinu 2009 voru hliðstæðar tekjum ársins 2008, en 10 milljónum lægri en ársins 2007. Rekstrargjöld ársins 2009 voru heldur lægri en á árinu 2008. Rekstrartap félagsins á liðnu ári var 4 milljónir 640 þúsund krónur, en var 6 milljónir 166 þúsund árið 2008. Eigið fé félagsins er 23,9 milljónir. Er það eitt af megin verkefnum stjórnar Skógræktarfélags Íslands að ná aftur jafnvægi í rekstri félagsins, en frá þeim tíma sem kreppan skall á hefur félagið orðið af fjárstuðningi fjölmargra aðila, eins og ég hef áður nefnt.

20 ár eru nú liðin síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Ber að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt. Á liðnu ári var áfram unnið að gagnavinnslu um útbreiðslu og viðgang allra landgræðsluskógasvæða á landinu en vettvangsvinna var unnin 2009. Um er að ræða víðtækt samvinnuverkefni milli Skógræktarfélags Íslands, umsjónaraðila Landgræðsluskógaverkefnisins og íslenskrar skógarúttekta á Mógilsá. Stafræn gögn um staðsetningu og innihald skógarfláka sem unnin var í tengslum við vettvangsvinnuna hafa nú verið afhent hinni íslensku skógarúttekt á Mógilsá.

Á haustdögum 2008 samþykkti stjórn félagsins að fela framkvæmdastjóra og formanni að leggja drög að mótun atvinnuátaks 2009-2011 en útlit var fyrir mikið atvinnuleysi á komandi misserum. Var þar horft til þess að skapa mannaflsrek verkefni á sviði skóga og útivistar. Má segja að vel hafi til tekist og veitti ríkisstjórnin Skógræktarfélagi Íslands vilyrði fyrir 200 milljóna króna framlagi til verkefnisins. Fjöldmörg sveitarfélög tóku þátt í þessu verkefni ásamt skógræktarfélögum víðs vegar um landið. Þegar hefur um 98 milljónum verið varið til þessa verkefnis og í sumar var um 230 atvinnulausum ungmennum gefinn kostur á atvinnu í 2-3 mánuði. Þörfin er enn mikil og í sumar hefði hæglega hefði verið hægt ráða mun fleiri til starfa ef þær 102 milljónir af þeim 200, sem markaðar voru til verkefnisins frá ríkisvaldinu, hefðu skilað sér. Áfram verður unnið að því að fá ríkisvaldið til að ljúka fjármögnun verkefnisins eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Vil ég hér nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að þessu þýðingarmikla verkefni. Er ekki að efa að skilningur allra þeirra sem hafa fengið tækifæri til að starfa með okkur í þessu verkefni hefur aukist um gildi skógræktar og þýðingu þess til atvinnusköpunar, afþreyingar og bættrar lýðheilsu.

Eitt af þeim verkefnum sem félagið vill beina sjónum sínum að á komandi árum er lagning Græna stígsins en ráðgert er að stígurinn liggi frá Kaldárseli og upp á Kjalarnes. Vegalengdin er um 50 km og er gert ráð fyrir að stígurinn verði malbikaður, 3 metra breiður. Lagning Græna stígsins er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldsins. Fellur verkefnið vel að því markmiði að efla lýðheilsu og útivist og skapa samgönguæð um fegurstu svæðin í upplandi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar samþykkt að gert verði

ráð fyrir lagningu Græna stígsins við gerð aðal-, svæðis- og deiliskipulags á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnið Opinn skógur hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og geta landsmenn nú notið þess að staldra við í Opnum skógi, víðs vegar á ferð sinni um landið. Enginn nýr skógarreitur var opnaður á þessu ári en í undirbúningi er hins vegar að opna skóginn á Laugalandi á Þelamörk og Fossá í Hvalfirði. Verkefnið Opinn skógur er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og fyrirtækjanna Avant hf. og Olís hf.

Í ár eru liðin 20 ár frá stofnun Yrkjusjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar.

Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, fagnaði áfanga í sínu lífi í apríl sl. Skógræktarfélagi Íslands var það ljúft að leggja fram krafta sína, ásamt vinum frú Vigdísar, við að gera daginn sem eftirminnilegastan fyrir okkar ástsæla fyrrum forseta. Vigdís er vinur okkar skógræktarfólks. Hún auðgar tilveruna og gleður samferðarfólk sitt með nærveru sinni. Um leið og við óskum henni enn og aftur hjartanlega til hamingju með afmælið viljum við þakka henni góðan stuðning og vináttu um áratugaskeið.

Fjögur ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu Kolvið, kolefnissjóð í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim fjórum árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist með góðum stuðningi ríkissjóðs Íslands, Arion banka og Orkuveitu Reykjavíkur sem eru helstu bakhjarlar sjóðsins. Formaður sjóðsins er nú Reynir Kristinsson og framkvæmdastjóri í hlutastarfi er Björgólfur Thorsteinsson.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarféлага þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Avant hf., Olís hf., Karl Eiríksson, Húsasmiðjuna/Blómval og Já ehf. Þá ber að þakka rausnarlega gjöf Páls Samúelssonar og Elínar Jóhannesdóttur sem þau færðu félaginu í sumar en Páll og Elín hafa reynst félaginu traustir bakhjarlar um áratuga skeið.

Öllum þessu ágætu aðilum eru hér færðar alúðarpakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar m.a. nefna öfluga útgáfu skógræktarritsins Laufblaðsins og heimasíðu félagsins, auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Sem fyrr er það meginhlutverk Skógræktarfélags Íslands að vera málsvari skógræktarfélaganna í landinu og efla og styrkja þær stoðir sem skógræktarhreyfingin hefur byggt upp á mörgum áratugum. Senn rennur upp sá tími að skógar landsins gefi af sér umtalsverðar afurðir. Hverri þjóð er mikilvægt að byggja upp fjölbreytta atvinnuvegi og því er það afar ánægjulegt að geta horft til framtíðar í vissu um að skógrækt muni með tíð og tíma reisa enn eina grunnstoðina undir atvinnulíf okkar Íslendinga. Þá er ónefnt það verndarhlutverk skóga er snýr að jarðvegi, vatni, loftslagi og skjóli. Við getum því á þessum tímamótum litið yfir farinn veg og glaðst yfir þeim áföngum sem unnist hafa, með þá vissu að framtíð skógræktar á Íslandi er björt.

Aðalfundurinn hér á Selfossi mun bera þess merki að haldið er upp á 80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands á þessu ári. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verður boðið upp á áhugaverðar skoðunarferðir sem stjórn Skógræktarfélags Árnesinga hefur skipulagt fyrir okkur. Þá verða flutt fimm áhugaverð fræðsluerindi sem tengjast skógrækt og sögu lands og þjóðar. Að loknum aðalfundi munum við síðan halda til Þingvalla og minnst þar þessara merku tímamóta í sögu Skógræktarfélags Íslands.

Kæru félagar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér á Selfossi megi verða okkur skógræktarfólki ánægjulegur. Að endingu vil ég deila með ykkur eftirfarandi ljóðlínnum Jóhannesar úr Kötlum, en líkt og Tómas og Jóhann Ólafur, átti Jóhannes um tíma heima í Árnassýslu, nánar tiltekið í Hveragerði. Ljóðið heitir í Þrastaskógi.

*Skógarsálin hlýja hlær,
huldumálin stillir,
Geislabáli í brjóstin slær,
Blómaskálar fyllir.*

Rætur haggast. – Reynir hátt

*Rís við daggarfulli,
Svönum vaggar vatnið blátt .
Vorið flaggar gulli.*

*Hugi friðar skógar-skart,
-skjálfa viðir grænir.
Út um hliðið óskabjart,
Æsku-liðið mænir.*

*Allt vill gróa. – Æsku-björk
Öðlast ró og stækkar.
Enn mun þróast þjóðar-mörk,
-þessi skógur hækkar.*

Ég segi 75. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.